

Fimmtudaginn 13. október 1983.

Nr. 76/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Sigurðssyni

(Sveinn Snorrason hrl.).

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 22. mars 1983, en jafnframt var af ákærvaldsins hálfu gerð krafa um þyngingu refsingar.

Ágrip barst Hæstarétti 10. ágúst 1983.

Ákærði, sem stjórnar smásöluverslun, keypti ýsuflök þau, sem mál þetta snýst um, hjá öðrum smásala á verði, sem var rétt neðan við leyfilegt hámarksverð. Það eru því ekki efni til þess í þessu máli að taka afstöðu til þess, hvort verðlagsákvörðun varðandi þessa vörutegund samkvæmt tilkynningu verðlagsstofnunar nr. 14/1982 hafi verið innan þeirra marka, sem verðlagsyfirvöldum voru sett í 8. og 12. gr. laga nr. 56/1978, sbr. 59. og 60. gr. laga nr. 13/1979, sbr. og 4. gr. laga nr. 52/1982.

Með þessari athugasend og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sak-

arinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmans, 7.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 15. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 92/1983: Ákærvaldið gegn Jóni Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 8. þ. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 24. nóvember 1982, á hendur ákærða, Jóni Sigurðssyni kaupmanni, Rauðalæk 39 í Reykjavík, fæddum 26. ágúst 1922 á Akureyri, „fyrir verðlagsbrot með því að hafa þann 19. apríl 1982 þrátt fyrir undangengnar aðvaranir verðlagsyfirvalda látið selja ýsuflok í versluninni Straumnesi, Vesturbergi 76 í Reykjavík, á hærra verði en leyfilegt var samkvæmt tilkynningu verðlagsstofnunar nr. 14 28. febrúar 1982, eða á kr. 27.00 hvert kg í stað kr. 24.10 pr. kg, þar á meðal tveimur starfsmönnum verðlagsstofnunar, sem keyptu í versluninni þennan dag ýsufлак, er vó 0.324 kg, á kr. 8.75.

Brot ákærða telst varða við áðurgreinda tilkynningu verðlagsstofnunar nr. 14/1982, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 52. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978, sbr. 59. gr. laga nr. 13/1974 um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir:

Í málinu er viðurkennt af hálfu ákærða, að hann hafi hinn 19. apríl 1982 selt ýsuflok í verlsun sinni, Straumnesi, Vesturbergi 76 hér í borg, á verði því, sem tilgreint er í ákærrunni, þ. e. kr. 27.00 fyrir hvert kg, og hafi honum verið kunnugt, að hámarksverð skv. tilkynningu verðlagsstofnunar væri kr. 24.10 fyrir hvert kg. Hafi hann tekið ákvörðun um þetta verð, strax og tilkynning verðlagsstofnunar um framangreint hámarksverð lá fyrir 28. febrúar 1982. Verðið var ekki leiðrétt, þótt ábendingu væri beint til verslunarinnar af hálfu verðlagsstofnunar eftir athugun á verði 18. mars 1982.

Ákærði kveðst á þessum tíma hafa keypt ýsuflok inn fyrir kr. 23.65 pr. kg, og hefur hann lagt fram reikninga frá Fiskversluninni Hófgerði 30, Kópavogi, því til staðfestu um innkaup á fiski frá 29. mars — 30. apríl

1982, en á þessu tímabili virðist sem verslun ákærða hafi keypt inn 655 kg af ýsuflökum.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að ákvörðun verðlagsráðs um hámarksverð á nýjum fiski nr. 14/1982, 28. febrúar 1982, brjóti í bága við ákvæði 12. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag o. fl., þar sem segir, að verðákvæðanir skuli miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu. Af vottorðum Þjóðhagsstofnunar og Verslunarráðs Íslands, sem verjandi hefur lagt fram í málinum, megi sjá, að meðalálagning hafi verið á bilinu frá 17.3% upp í 21.1% af brúttóverði vöru, en 21% af brúttósöluverði þýði 26.4% á innkaupsverð. Sé sýnilegt, að álagning ákærða í því tilviki, sem hér um ræðir, þ. e. 14.2% álagning á innkaupsverð, nægi hvergi fyrir meðalverslunarkostnaði, þannig að í raun borgi hann með vörunni til að veita þessa þjónustu. Ef ákærði hins vegar frysti umrætt ýsuflak í frystigeymslu sinni eina nótt, mætti hann leggja 38% á innkaupsverð skv. tilkynningum verðlagsstofnunar.

Dómurinn óskaði umsagnar verðlagstofnunar um þau sjónarmið, sem sett hafa verið fram í málinu af hálfu ákærða. Í greinargerð stofnunarinnar segir m. a., að fiskisalar telji sig vel geta unað við verð það, sem verðlagsráð hafi ákveðið á þeim fisktegundum (þorski og ýsu), sem hámarksverð er á. Þeir hafi ýmsar aðrar tegundir til sölu, sem þeir geti verðlagt eftir vild. Svo vísað sé til 12. gr. verðlagslaga, þá hafi kjörbúðir ekki sömu aðstöðu og búnað og fiskisalar og geti þær því ekki rekið fiskisölu á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt. Hin almenna verslun verði að hlíta því, ef hún vilji hafa fisk til sölu, að selja þorsk og ýsu á leyfðu hámarksverði eins og fiskisalar. Telur stofnunin, að sala almennra verslana á þessari vöru-tegund sé svo lítill hluti verslunarrekstursins, að afar litlu máli skipti fyrir hann, þó álagning væri jafnvel engin.

Verslun ákærða er almenn matvöruverslun.

Niðurstaða.

Með eigin framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann seldi ýsuflök 19. apríl 1982 á kr. 27.00 hvert kg, þrátt fyrir að auglýst hámarksverð verðlagsstofnunar væri á þessum tíma kr. 24.10 fyrir hvert kg.

Greinargerð verðlagsstofnunar, sem dómurinn óskaði eftir í máli þessu, verður skilin svo, að verðákvörðun í þessu sambandi sé miðuð við fiskverslanir, sem geti rekið verslun með fisk á hagkvæmastan hátt, tæknilega og fjárhagslega. Liggur ekki annað fyrir í máli þessu en að fiskverslanir uni umræddri verðákvörðun. Enda þótt ákærði hafi lagt fram gögn, er sýna, að hann hafi sjálfur keypt ýsuflök í fiskverslun fyrir kr. 23.65 pr. kg, sem ekki er ástæða til að vefengja, þykir það í ljósi framangreindra

forsendna við verðákvörðun ekki réttlæta þá ákvörðun hans að selja ýsuflökin á hærra verði en auglýstu hámarksverði. Ákvörðun verðlagsráðs á sér stoð í 8. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag o. fl., sbr. 59. gr. laga nr. 13/1979 (ekki 1974, eins og misritast hefur í ákæru). Verður ekki, miðað við það, sem áður er sagt, á það fallist, að ákvörðun þessi brjóti í bága við 12. gr. verðlagslaganna, sbr. 60. gr. laga nr. 13/1979.

Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn tilkynningu verðlagsstofnunar nr. 14 28. febrúar 1982, sbr. fyrrgreind lagaákvæði.

Ákærði hlaut 7.000 gkr. sekt á árinu 1968 fyrir brot á 3. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt kærnum og refsingum, sem skipta máli við úrlausn máls þessa.

Með hliðsjón af 1. mgr. 52. gr. laga nr. 56/1978 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 5.000.00. Vararefsing ákveðst varðhald í 8 daga.

Dæma ber ákærða til greiðslu kostnaðar af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 5.000.00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Sigurðsson, greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.